



132. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi,

12.09.2018 kl.16.45, í Fjölheimum

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Þór Hreinsson, Gunnar Þorgeirsson, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Magðalena K. Jónsdóttir situr fundinn í gegnum síma. Nýr fulltrúi frá SASS situr sinn fyrsta fund, Gunnar Þorgeirsson.

1. Staða og námsframboð í upphafi haustannar

Framkvæmdastjóri, dreifði yfirliti og kynnti það nám sem fyrirhugað er á haustönn.

2. Leigukröfur vegna leigu Fræðslunetsins á aðstöðu á Höfn. Uppi er ágreiningur milli Fræðslunetsins og Sveitarfélagsins Hornafirði vegna afturvirktrar innheimtu sveitarfélagsins á leigu Fræðslunetsins í Nýheimum. Samþykkt að ganga frá greiðslum á leigu fyrir árin 2016 og 2017 og hluta ársins 2018 á leigugrunni ársins 2015. Framkvæmdastjóra falið að leita til bæjarráðs sveitarfélagsins Hornafirði eftir viðræðum um leigusamning vegna nota Fræðslunetsins á húsnæði í Nýheimum.

3. Önnur mál

- a. Stutt fréttayfirlit frá framkvæmdastjóra af starfseminni síðustu mánuði.
- b. Fyrirspurn til framkvæmdastjóra um hvernig gengi að aðlaga starfsemi Fræðslunetsins að nýjum persónarverndarlögum.

Fundi slitið kl. : 18.10

Fundargerð rituðu Laufey Ósk Magnúsdóttir

og Þór Hreinsson

Sigursveinn Sigurðsson
Laufey Ósk Magnúsdóttir
Gunnar Þorgeirsson